

Nd.

476. Nefndarálit

[204. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Lúðvík Jósepsson fjallaði um þetta frv í nefndinni af hálfu Alþýðubandalagsins meginhluta þess tíma sem það var til athugunar. Hann hefur flutt við það breytingartillögur sem prentaðar eru á sérstöku þingskjali. Einnig gekk hann frá nefndaráliti af sinni hálfu áður en hann hvarf af þingi, og fer sú ritgerð hér á eftir:

„Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur haft frumvarp ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir í efnahagsmálum til athugunar um nokkurt skeið. Nefndin hefur rætt við ýmsa embættismenn og ráðunauta ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Svör af þeirra hálfu við ýmsum spurningum, sem fram hafa komið í nefndinni, hafa verið mjög af skornum skammti, og í rauninni má segja, að enn hafi ekki fengist upplýsingar um fyrirætlun ríkisstjórnarinnar varðandi framkvæmd á ýmsum mikilvægustu ákvæðum frumvarpsins.

Í greinargerð þeirri, sem fylgir frumvarpinu, er reynt að gefa nokkrar skýringar á því, hvers vegna frv. er flutt og hvaða ástæður liggja til þess, að nú þykir nauðsynlegt að breyta í mjög verulegum atriðum nýlega samþykktum fjárlögum.

Það, sem sérstaklega er talið fram í þeim efnum, er, að „viðskiptakjör þjóðarbúsins gagnvart útlöndum“ hafi haldið áfram að versna og að ekki verði undan því vikist „að skerða lífskjör þjóðarinnar“ enn meir en áður var áætlað að þyrfti, og að í kjölfar gengislækkunarinnar frá í febrúar sé nauðsynlegt að gera ýmsar og viðtækar efnahagsráðstafanir.

Stefna ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum einkennist af fátí og fumi.

Í sambandi við þetta nýja frumvarp ríkisstjórnarinnar „um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara“, eins og það heitir fullu nafni, er eðlilegt

að rifja nokkuð upp stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum eins og hún hefir komið fram í reynd þá rúmlega 7 mánuði, sem hún hefur verið við völd.

Þó að valdatími stjórnarinnar sé aðeins 7 mánuðir, er eigi að síður ástæða til að skipta efnahagsstefnu hennar í 3 tímabil.

Fyrsta tímabilið hefst að sjálfsögðu með valdatöku stjórnarinnar í lok ágúst-mánaðar 1974. Þá ákvað hún 17% gengislækkun, því að auðvitað þurfti að skrá gengi krónunnar rétt, eins og það heitir jafnan, þegar gengið er fellt. Söluskatturinn var hækkaður um 2% og ýmsir skattar aðrir hækkaðir um leið. Jafnframt var svo kaupgjaldið raunverulega bundið fast með afnámi vísitöluuppbóta á laun. Láglaunabætur fylgdu með, sem námu 5—7% á lægstu laun. Á þessu tímabili hækkaði verðlag meir en nokkru sinni áður og má í rauninni segja, að allar verðhækkningar hafi verið leyfðar, sem um var beðið, enda í samræmi við þá stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar, að verðlagseftirlit ætti að leggja niður og gefa álagningu frjálsa. Samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands hækkaði framfærsluvísitalan á þessu tímabili, eða frá 1/8 1974 til 1/11 1974, úr 297 stigum í 342 stig, eða um 15.2% á 3 mánuðum.

Annað tímabilið í efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar hefst í desembermánuði með afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1975. Þá var komið að því, að Sjálfstæðisflokkurinn, sem í stjórnarandstöðu hafði deilt hart á vinstri stjórnina fyrir há fjárlög og mikla eyðslu, sýndi stefnu sína við afgreiðslu fjárlaga. Fjárlögin lækkuðu ekki; þau hækkuðu meir en dæmi voru til um áður, eða um rúmlega 52%. Hækkun á almennum rekstrargjöldum varð þó enn þá meiri eða um 76%. Fjárveitingar til verklegra framkvæmda minnkuðu að vísu nokkuð að magni, eða um 10—15% að áliti ríkisstjórnarinnar, en miklu meir þegar tillit er tekið til þeirra miklu verðbreytinga, sem síðan hafa orðið. Beinir skattar voru nú áætlaðir árið 1975 8.8 milljarðar, en voru árið 1974 8 milljarðar kr. Óbeinir skattar (tollar og söluskattur) voru nú áætlaðir 38.8 milljarðar, en voru árið 1974 áætlaðir 21.1 milljarðar kr. Það varð því heldur lítið úr skattalækkunaráformum sjálfstæðismanna við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1975.

Á þessu öðru tímabili í framkvæmd efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar hélt dýrtíðni áfram að magnast. Frá 1/11 1974 til 1/2 1975, eða á þeim 3 mánuðum, hækkaði framfærsluvísitalan enn úr 342 stigum í 372 stig. Hún hafði þá hækkað á 6 mánuðum um 25.3%. Samkvæmt vísitöluútreikningum Hagstofunnar hafði matvara hækkað um 42.1%, hiti og rafmagn um 49%, sími og póstur um 55% og útvarps- og sjónvarpsgjöld munu hafa hækkað um 50—57%.

Allar þessar gífurlegu verðhækkningar höfðu gengið yfir á aðeins fyrstu 6 mánuðum stjórnartímabilsins og voru komnar fram, áður en gengislækkunin 13. febrúar og afleiðingar hennar fóru að segja til sín.

Þriðja tímabilið í framkvæmd stjórnarstefnunnar í efnahagsmálum hófst síðan með nýrri gengislækkun — 20% — hinn 13. febrúar, og þá voru jafnframt boðaðar margvíslegar efnahagsráðstafanir. Líóst er, að áhrif gengislækkunarinnar 13. febrúar munu verða almennar verðhækkningar sem nema 10—12%, en verð á öllum innfluttum vörum mun hækka um 25%. Eins og jafnan áður mun þessi gengislækkun draga á eftir sér alls konar verðlagshækkningar á vörum og þjónustu, jafnvel þó að ekki sé hægt að tengja þær beint við gengislækkunina. Nú er því spáð af sérfræðingum ríkisstjórnarinnar að framfærsluvísitalan muni hækka úr 372 stigum 1. febrúar í 422 stig 1. maí. Sé við það miðað nemur hækkun framfærsluvísitölnunnar á þremur ársfjórðungum 42%. Hér er um spádóm að ræða, og ef að líkum lætur, er sennilegra, að hækkunin verði enn þá meiri, og gæti svo farið, að hún næmi 45—50% á þessum 9 mánuðum.

Í upphafi þessa þriðja tímabils í framkvæmd á efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar boðar hún, að nú sé óhjákvæmilegt að skerða lífsskjör almennings um meir en áður hafði verið áætlað. Nú er sagt, að nýlega samþykkt fjárlög fái ekki staðist

og þeim verði að breyta í veigamiklum atriðum. Og nú er boðaður mikill samdráttur í atvinnulífinu og nauðsyn þess að skera niður fjárveitingar til verklegra framkvæmda og draga stórkostlega úr lánveitingum stofnlánasjóða atvinnuveganna.

Þær staðreyndir, sem hér hafa verið raktar, um aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum þann stutta tíma, sem hún hefir verið við völd, bera þess glöggvitni, að hún hefur enga heildarsýn haft yfir stöðuna í efnahagsmálum þjóðarinnar. Hún hefur rokið til og lækkað gengið tvisvar með 5 mánaða millibili, og í bæði skiptin þykist hún vera að skrá gengi krónunnar rétt.

Hún þykist vera að bjarga atvinnuvegunum, en bjargar sýnilega engu. Þegar síðari gengislækkunin var gerð lýstu forustumenn sjávarútvegsins því yfir, hver eftir annan, að gengislækkunin væri ekki gerð að þeirra óskum og að þeir teldu hana síður en svo þjóna hagsmunum útgerðarinnar.

Í bæði skiptin, sem gengi krónunnar var fellt, var því haldið fram af ríkisstjórninni, að gengislækkunin ætti að bjarga gjaldeyrisstöðunni. Reynslan hefur orðið allt önnur. Eftir gengislækkunina 2. september gekk hratt á gjaldeyrisvarasjóðinn og um áramót var gjaldeyrisstaðan orðin neikvæð, þ. e. a. s. gjaldeyrisvarasjóðurinn var tómur. Gengislækkunin 13. febrúar mun ekki heldur breyta miklu í þessum efnunum, fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að **enginn trúir lengur orðið á verðgildi íslenskrar krónu**, flestir búast enn við nýrri gengislækkun áður en langt um líður.

Blekkingar ríkisstjórnarinnar um stöðu atvinnuveganna og horfur í efnahagsmálum.

Frá því að núverandi ríkisstjórn tók við völdum hefur hún haldið uppi látlausum áróðri um „hallarekstur atvinnufyrirtækja“, um nauðsyn þess, að „kaup verði lækkað“, að þjóðin hafi „lifað um efni fram“ og að „erlend skuldaféttun þjóðarinnar væri orðin háskaleg“. Þessi áróður hefur þjónað því markmiði að undirbúa jarðveginn fyrir almenna kauplækkun, því markmiði að stöðva þá miklu atvinnuuppbyggingu, sem unnið var að, því markmiði að draga úr félagslegri þjónustu.

Áróður ríkisstjórnarinnar um slæma atkomu atvinnufyrirtækja hefur af skiljanlegum ástæðum hlotið öflugan stuðning atvinnurekenda og málagna þeirra, sem alltaf telja nauðsynlegt að lækka kaup og að hlutur rekstrarins verði meiri. Svo miskunnarlaus hefur þessi áróður verið, að enn er því haldið fram, að á s.l. ári hafi orðið stórfelld verðlækkun á útflutningsvörum þjóðarbúsins og að nánast hafi verið um að ræða „markaðshrun“ eða „gífurleg efnahagsleg áföll“.

Hvaða staðreyndir liggja fyrir um markaðsmál og útflutningsverðlag?

Þjóðhagsstofnunin hefur nýlega gefið út upplýsingar um meðalverðlag á útflutningsvörum þjóðarbúsins síðustu árin. Þannig hefir hún reiknað út vísitölu útflutningsverðs mælt í dollurum. Útreikningarnir eru þannig:

	Visitala miðuð við dollar
Ársmeðaltal 1972	100
— 1973	139.4
— 1974	167.1

Um árið 1974 segir stofnunin:

„Verðlag útflutnings hækkaði að meðaltali á árinu um 34% í krónum — um 21—22% í erlendri mynt.“

Árið 1973 var mjög hagstætt ár varðandi verð á útflutningsvörum íslendinga. Þá hækkaði verðið um 39%. Það háa verðlag hækkaði enn á árinu 1974 um 21—22% mælt í erlendri mynt.

Öllum má því vera ljóst, að fullyrðingar um „gífurlegt verðfall á íslenskum útflutningsvörum“ á s.l. ári (1974) eru rangar. Á árinu lækkaði að vísu verð á

þorskblökk til Bandaríkjanna, og verð á fiskmjóli lækkaði einnig. Lækkanir á þessum vörutegundum voru þó fyrst og fremst miðaðar við hátt verð á þeim, sem stóð stuttan tíma í ársbyrjun 1974, en lækkunin var hins vegar ekki veruleg frá meðalverðinu á árinu 1973. Ýmsar aðrar útflutningsvörur hækkuðu hins vegar í verði á árinu 1974, eins og t. d. saltfiskur, skreið og lýsi.

Um verð á útflutningsvörum, þegar á heildina er litið, á yfirstandandi ári verður ekki mikið sagt með vissu. Þjóðhagsstofnunin gerði spá fyrir árið 1975 við afgreiðslu fjárlaga um miðjan desember. Þá áætlaði stofnunin að vísitala útflutningsverðs á árinu 1975 mundi verða 170.9 stig, mælt í dollurum, eða að meðal-útflutningsverðið hækkaði enn frá meðaltali ársins 1974. Stofnunin hefur síðan breytt þessari spá og gerir nú ráð fyrir nokkurri lækkun eða sem nemur 4—5%. En nýlega hafa verið gerðir mjög hagstæðir sölusamningar um saltfisk, og skreið hefur einnig hækkað í verði.

Margt bendir til að meðal-útflutningsverð árið 1975 verði svipað og árið 1974.

Nú um miðjan aprílmánuð hefur meira verið selt af útflutningsvörum en venjulega, og er því augljóst, að ekki er hægt að tala um neinn vanda varðandi markaðsmál.

Hver er staða atvinnuveganna?

Ekki verður um það deilt, að árið 1973 var atvinnuvegunum hagstætt ár. Þjóðhagsstofnunin hefur sagt í skýrslu sinni um það ár, að „á hvaða mælikvarða sem mælt væri virtist hagur sjávarútvegsins á árinu 1973 með því besta, sem gerst hefði“. Stofnunin taldi, að brúttó-hagnaður sjávarútvegsins væri það ár 2300 millj. króna borið saman við 800 millj. kr. árið áður. Hún taldi á sama hátt, að afkoma iðnaðarins hefði verið mun betri árið 1973 en árið áður, eða að brúttó-hagnaður hafi numið 6.9% af heildartekjum borið saman við 5.6% árið áður. Afkoma landbúnaðarins var mjög góð árið 1973, og hið sama má segja um afkomu verslunar-fyrirtækja.

Á miðju ári 1974, eða um það leyti sem ríkisstjórnin tók við völdum, var staða sjávarútvegsins yfirleitt góð, enda í samræmi við samninga um rekstrar-grundvöll, sem atvinnurekendur höfðu sjálfir samið um. Útreikningar, sem gerðir voru um afkomu iðnaðarins miðað við 1. ágúst 1974, sýndu einnig, að staða hans var mjög svipuð þá og árið áður, sem var gott ár, og svipað var talið um verslun og landbúnað.

Það er því staðreynd, sem ekki er hægt að neita, að staða atvinnuveganna var yfirleitt góð á miðju ári 1974, eða um það leyti sem núverandi ríkisstjórn tók við völdum. Sá áróður, sem þá var hafinn um „hallarekstur atvinnuveganna“, var að öllu leyti byggður á spádómum um framvindu mála á næstu 12 mánuðum, og í þeim spádómum var t. d. byggt á minnkandi fiskafli, lækkandi verði og miklum afskriftum. Reynslan átti eftir að sýna, að þeir spádómar stóðust ekki.

Ekki liggja enn fyrir nákvæmir reikningar um rekstrarafkomu einstakra fyrirtækja á öllu árinu 1974, en telja verður, miðað við þær upplýsingar sem fyrir liggja, að afkoma iðnaðar og verslunar hafi orðið betri en áður, sem m. a. byggist á mjög aukinni veltu. Afkoma landbúnaðarins varð góð samkvæmt mati forustumanna landbúnaðarins. Afkoma sjávarútvegsfyrirtækja mun hafa orðið misjöfn, mjög góð hjá þeim, sem verkuðu saltfisk, og allgóð hjá þeim, sem ráku skuttogara af minni gerð og fiskvinnslu sameiginlega. Afkoma sjávarútvegsins alls hefur eflaust orðið lakari en góða árið 1973, en þó yfirleitt sæmileg.

Allur áróður um mikinn hallarekstur atvinnufyrirtækja á árinu 1974 er því rangur og fluttur til að réttlæta skerðingu á kjörum vinnandi fólks.

Efnahagsmálin, sem upp komu á árinu 1974.

Þó að hér hafi verið bent á þá staðreynd, að það er blekking að halda því fram, að íslenska þjóðarþúið hafi orðið fyrir „gifurlegu áfalli“ vegna verðfalls

á útflutningsvörum, og að það er á sama hátt rangt að halda því fram, að atvinnuvegir þjóðarinnar hafi verið komnir í þrot og reknir með stórfelldu tapi, þá má ekki skilja þann málflutning þannig, að við engin efnahagsleg vandamál hafi verið að stríða á árinu 1974 og í upphafi þessa árs.

Það vandamál, sem hefur verið verst og vandasamast við að fást á þessum tíma og í rauninni einnig á árinu 1973, er verðbólgan og þá alveg sérstaklega stórkostleg hækkun á verði innfluttra vara. Þjóðhagsstofnunin hefur reiknað út vísitölu innflutningsverðs á þessum tíma og miðað við dollaraverð. Sú vísitala lítur þannig út:

Árið 1972	100.0	stig
— 1973	120.9	—
— 1974	162.9	—

Og við afgreiðslu fjárlaga í desember s.l. reiknaði hún með 176.4 stigum á árinu 1975. Síðan hefur hún jafnvel talið rétt að hækka þá tölu.

Eins og þessar tölur sýna, hækkaði innflutningsverð mikið, eða um rétt 21% árið 1973, og hafði auðvitað mikil áhrif á dýrtíðarvöxtinn á því ári, þó að stjórnarandstaðan þá kenndi vinstri stjórninni um allar verðhækkanir. Þessi erlenda verðhækkun hélt áfram á árinu 1974, og þá hækkaði verðlagið enn um 34% og hafði að sjálfsögðu sín miklu áhrif hér á síaukna verðbólgu. Þessar verðhækkanir hlutu auðvitað að hafa sín áhrif í þjóðarþúskapnum, og gegn þeim þurfti að snúast með gagnráðstöfunum.

Á árinu 1974 var óhægt um vik í þeim efnum, því að þá var svo komið, að ríkisstjórnin hafði tapað sínum fullkomna meiri hluta á Alþingi, þ. e. a. s. meiri hluta í báðum deildum Alþingis. Bjarni Guðnason hafði þá gengið í lið stjórnarandstöðunnar, en hún lýsti því yfir opinberlega, að hún mundi koma í veg fyrir samþykkt allra tillagna ríkisstjórnarinnar og skipti þá engu um efni þeirra. Þannig stóð allt fast á Alþingi fyrri hluta árs 1974, og um vorið var síðan Alþingi rofið og efnt til almennra kosninga.

Það pólitíska ástand, sem upp kom í landinu á þessum tíma, gerði það að verkum, að engar teljandi gagnráðstafanir var hægt að gera í efnahagsmálum, en ástandið ýtti undir spákaupmennsku, mikinn innflutning og gjaldeyriseyðslu.

Á þessum tíma má því segja, að margt hafi verið óhagstætt fyrir heilbrigða þróun, einkum í viðskipta- og peningamálum. Erlendar verðhækkanir ýttu á eftir með óvenjumikinn innflutning, og óstöðugt stjórn málaástand jók á óttann um ráðstafanir í peningamálum, og síðast, en ekki síst beitti svo Sjálfstæðisflokkurinn öllu afli sínu í áróðri til þess að hræða fólk og ýta undir skyndiráðstafanir innflytjenda og peningabraskara.

Þrátt fyrir þessa erfiðleika stóð þjóðarþúið vel á miðju ári 1974, eða um það leyti sem ný ríkisstjórn var mynduð. Ástæðurnar til þess voru, að atvinnuvegirnar komu mjög vel frá árinu 1973, gjaldeyrisvarasjóðurinn hafði aukist öll ár vinstri stjórnarinnar og náði hámarki í árslokinn 1973, og auk þess höfðu svo framleiðslutæki þjóðarinnar verið aukin og endurbætt og framleiðslan var sívaxandi.

Gegn dýrtíðarvandamálinu þurfti að snúast, fyrst og fremst með verðlagsstöðvun eftir því sem unnt var, með því að halda vöxtum óbreyttum, en hækka þá ekki eins og gert var, með niðurgreiðslum að nokkru leyti og ráðstöfunum til að draga úr óeðlilegum útlánum banka og lífeyrissjóða og síðast, en ekki síst með samkomulagi við samtök launafólks um skynsamlegar breytingar á kaupgjaldsvísitölu og frestun á þeim kauphækkunum hinna herra launuðu, sem mesta hækkun höfðu fengið í síðustu launasamningum.

Þau vandamál, sem við var að fást á þessu sviði, gáfu engin tilefni til þeirrar stórfelldu kjaraskerðingar og samdráttar í atvinnulífnum, sem núverandi ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir.

Kjaraskerðing og samdráttur.

Stefna núverandi ríkisstjórnar í efnahagsmálum hefur miðað að stórfelldri kjaraskerðingu verkafólks, sjómanna og bænda. Eins og áður er að vikið, áætla sérfræðingar ríkisstjórnarinnar, að hækkun framfærsluvísitölunnar verði um 42% á 9 mánaða tímabili, frá 1. ágúst 1974 til 1. maí 1975. Á því er því lítill vafi, að á þessum tíma mun verðlag á vörum og brýnustu þjónustu hækka um 50—60% að minnsta kosti. Á móti þessum verðhækkunum mun lágláunafólk fá lágláunabætur, sem nema um 5—6% í fyrra skiptið og 10—12% í síðara skiptið, að viðbætti 3% grunnkaupshækkun 1. desember samkv. fyrri launasamningum. Meðal-verkamannskaup mun því hækka um nálægt 20% á móti verðlagshækkun 50—60%.

Í tíð vinstri stjórnarinnar hækkaði kaupmáttur launa allverulega, eða eins og þessi tafla sýnir:

Árið 1970	86.0	stig
— 1971	98.3	—
— 1972	113.3	—
— 1973	119.7	—
— 1974	133.5	—

Kaupmáttur tímakaupsins hækkaði því um 33.5% eða rúmlega það í tíð vinstri stjórnarinnar.

Nú, í tíð ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, er ætlunin eins og opinberlega kemur fram, að lækka kaupmátt launa niður á stig þess, sem var 1971—1972. Kauphækkunin á almennt að verða um 25%.

Með stefnu ríkisstjórnarinnar er verið að færa fjármuni frá verkafólki, sjómönnum, bændum og öðru láunafólki sem nemur mörgum milljörðum á ári yfir til atvinnurekenda og milliliða.

Verði samdráttarstefna ríkisstjórnarinnar framkvæmd, eins og hún hefur boðað, verður kjaraskerðingin miklu meiri í reynd, því að þá dregur ekki aðeins úr yfirvinnu, heldur hlýtur þá að verða atvinnuleysi í ýmsum greinum.

Nú boðar ríkisstjórnin, að lækka þurfi fjárveitingar frá nýlega samþykktum fjárlögum um 3 500 milljónir króna á þessu ári. Öll þessi lækkun útgjalda á að koma fram í fjárlögum til verklegra framkvæmda, eins og skólabygginga, sjúkrahúsbbygginga, hafnargerða og flugvallargerða. Auk þessa á svo að skera niður vegaf framkvæmdir í stórum stíl.

Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar, því sem hér liggur fyrir, kemur skýrt fram, að þessi niðurskurður, nær ekki til almennra rekstrarútgjalda ríkissjóðs og ríkisstofnana. Í greinargerð frumvarpsins segir, að rekstrarútgjöld muni hækka frá áætlun fjárlaga um 1 870 milljónir króna sem bein afleiðing gengislækkunarinnar. Frá því er hins vegar greint, að stjórnin geri sér vonir um að geta komið í veg fyrir 820 milljónir af þeirri útgjaldahækkun, og verður þá enn eftir hækkun rekstrarútgjalda sem nemur 1 050 milljónum króna. Sú lækkun fjárveitinga — 3 500 millj. kr. — sem síðan er ráðgerð, á því að ná til annarra liða en rekstrarútgjalda.

Þá er í frumvarpinu einnig gerð grein fyrir lántökum stofnlánasjóða og ráðgerðu starfsfé þeirra. Þar kemur fram að ætlunin er að skera stórlega niður ráðsöfnunarfé stofnlánasjóðanna á þessu ári, en það þýðir stöðvun framkvæmda eða samdrátt í atvinnulegri uppbyggingu. Sem dæmi um þennan niðurskurð má nefna:

Fiskveiðasjóður telur sig þurfa að hafa til útlána á árinu 1975 3 794 millj. kr. Sjóðurinn telur sig vera skuldbundinn að veita lán sem nema 3 368 millj. kr., en ríkisstjórnin áætla, að ráðstöfunarfé sjóðsins verði 2 700 milli. kr. Samkvæmt þessu er ráðgert að Fiskveiðasjóður verði að stöðva lánveitingar til framkvæmda, sem nú eru í gangi, og að stöðva verði með öllu ný lánsloforð. Afleiðingar slíkrar stefnu yrðu brikalegar. Viðs vegar um land hefur verið unnið að byggingu nýrra frystihúsa og annarra fiskverkunarstöðva. Á nú að stöðva þessar framkvæmdir eða seinka þeim verulega?

Stofnlánadeild landbúnaðarins telur sig þurfa að hafa til útlána á árinu 1975 rúmlega 1 800 millj. kr. Ríkisstjórnin hefur áætlað deildinni starfsfé sem nemur 754 millj. króna. Samkvæmt því yrði Stofnlánadeildin að stöðva nær allar lánveitingar til vinnslustöðva landbúnaðarins og neita nýjum lánbeiðnum vegna vélakaupa og ýmissa framkvæmda bænda.

Verði staðið að fjáröflun til stofnlánasjóða atvinnuveganna á þennan hátt, er augljóst, að stöðva á þá uppbyggingu í atvinnulífinu úti um land sem unnið hefur verið að.

Vegáætlun fyrir árið 1975 hefur nýlega verið lögð fram á Alþingi. Samkvæmt henni er gert ráð fyrir að minnsta kosti 50% niðurskurði að magni til í vega- og brúarframkvæmdum frá því, sem áður hafði verið áætlað.

Þessi dæmi nægja til að sýna, hvert er stefnt með samdráttarstefnunni, en mörg fleiri dæmi mætti nefna.

Stóriðjustefnan.

Ein grein í framkvæmda- og atvinnumálum virðist þó hafa sérstöðu hjá núverandi ríkisstjórn, en það eru stóriðjuframkvæmdir á Suðvesturlandi.

Eins og fram hefur komið, sækir ríkisstjórnin það fast, að ráðist verði í byggingu járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Sú verksmiðja mun kosta, miðað við núgildandi verðlag, um 11—12 milljarða króna. Byggja verður sérstaka höfn fyrir verksmiðjuna, sem áætlað er að kosti um 500 millj. kr., og vegi þarf að leggja fyrir hana, sem kosta um 100 millj. kr. Vegna járnblendiverksmiðjunnar er óhjákvæmilegt að ráðast nú þegar í nýja stórvirkjun, svo að ekki verði rafmagnsskortur á Suðvesturlandi eftir 3 ár. Ákveðið er að gera Hrauneyjarfossvirkjun, en hún mun kosta, miðað við núgildandi verðlag, 14—15 milljarða króna.

Þá hefur ríkisstjórnin samið við stjórnvöld í Bandaríkjunum um framkvæmdir á Keflavíkurlflugvelli, sem kosta munu 8—9 milljarða kr.

Hér er um miklar framkvæmdir að ræða og æðidýrar á íslenskan mælikvarða. Ljóst er, hvaða afleiðingar þessar framkvæmdir munu hafa á byggðaþróunina, þegar þess er líka gætt, að á sama tíma og þær eiga að vinnast á að draga úr uppbyggingunni úti á landi „AF EFNAHAGSÁSTÆÐUM“.

Auðvitað verður að taka gífurlega mikil erlend lán til þessara stórframkvæmda, eða nánast að öllu leyti sem svarar íslenskum eignarhluta. Erlendar lántökur í þessum efnum verða því augljóslega yfir 20 milljarða króna. Slíkar lántökur segist ríkisstjórnin ekki óttast, því að hér sé „um arðbær fyrirtæki að ræða“. Hins vegar hefur ríkisstjórnin og alveg sérstaklega fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, sem fyrir hana tala, haldið því fram, að erlend lán vegna kaupa á nýjum fiskiskípum og vegna bygginga nýrra frystihúsa séu stórhættuleg og hafi stefnt efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar í hættu. Sjávarútvegurinn er auðvitað ekki „arðbær atvinnuvegur“.

Í orkumálum virðist öll stefna ríkisstjórnarinnar miðuð við stóriðju og helst stóriðjufélagsskap við útlendinga. Húshitun landsmanna sjálfra er látin þoka fyrir raforkusölu til stóriðju, og svo er áhuginn mikill að koma fram stóriðju með útlendingum, að stórvirkjunum með stóriðju er lofað á báðar hendur. Þannig hefur ráðherra raforkumála, Gunnar Thoroddsen, nýlega lofað stórvirkjunum jafnhliða á Norðurlandi og Suðurlandi, og enn er svo þingað um meiri stórvirkjanir og stóriðju á Austurlandi.

Stefna íhalds-framsóknar-stjórnarinnar í efnahagsmálum.

Á því, sem hér hefur verið sagt, má sjá, að stefna núverandi ríkisstjórnar ein-kennist fyrst og fremst af eftirfarandi:

Í fyrsta lagi stefnir ríkisstjórnin að almennri kauplækkun sem nemur 25—30%. Hún segir sjálf, að færa verði kaupmátt launa á það stig, sem var árin 1971—1972.

Með þessu á hún við, að taka verði til baka allar þær kjarabætur, sem vinnandi fólk fékk á tímum vinstri stjórnarinnar.

Í öðru lagi stefnir ríkisstjórnin að því að stöðva þá atvinnuuppbyggingu, sem hafin var í tíð vinstri ríkisstjórnarinnar, einkum úti um land. Hún krefnir að stofnlánasjóðum atvinnuveganna, leggur til að skera stórlega niður verklegar framkvæmdir úti um land, minnkar vegaf framkvæmdir, hafnargerðir og skóla- og sjúkrahúsbyggingar.

Í þriðja lagi stefnir ríkisstjórnin að breyttri atvinnuþróun í landinu. Hún dregur úr framkvæmdum í sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði landsmanna, en hún leggur kapp á stóriðjuf framkvæmdir í slagtogi við útlendinga. Hún telur, að „byggðastefna“ sé hagkvæmt slagorð, og kastar því aðeins smá-fjárbæðum til Byggðasjóðs, sem jafnframt er gerður að helmingaskiptasjóði milli stjórnarflokka, á sama tíma og milljörðum er varið í nýja atvinnuþróun á Suðvesturlandi.

Það er vissulega táknrænt um þessa nýju stefnu og mat ríkisstjórnarinnar á því, hvað er nauðsynlegt og hvað er „hættulegt“, að í frumvarpi hennar um „að treysta undirstöðu atvinnulífs“, er sérstaklega lagt til að fella niður úr lögum heimild ríkisstjórnarinnar um að veita ríkisábyrgð til kaupa á skuttogurum. Ríkisstjórnin telur augljóslega kaup á skuttogurum slíka hættu, að ekki sé vogandi að láta ríkisstjórnina sjálfa hafa heimild til að veita ríkisábyrgð fyrir kaupum á skuttogurum. Verði af einhverjum ástæðum talið alveg óhjákvæmilegt að ráðast í slíka áhættu eins og að kaupa skuttogara hér eftir, þá á að flytja um slíkt sérstakt frumvarp á Alþingi og ræða það í báðum deildum við 6 umræður, áður en slíkt getur náð fram að ganga. Það er sannarlega vissara að hafa allar gætur á slíkum fjanda eins og að kaupa nýja skuttogara. Í þessari tillögu ríkisstjórnarinnar endurspeglast viðhorf hennar til uppbyggingar í sjávarútvegi.

Afstaða Alþýðubandalagsins til frumvarpsins.

Eins og fram kom þegar við 1. umr. um frumvarpið, erum við Alþýðubandalagsmenn andvígir meginefni frumvarpsins, sem við teljum að komi fram í I. og VIII. kafla þess.

Í I. kaflanum er ákvæði um heimild til lækkunar útgjalda fjárlaga um 3 500 milljónir króna, augljóslega ætlað til niðurskurðar á verklegum framkvæmdum.

Í VIII. kaflanum er ramma settur um lántökur og ákveðið um starfsmöguleika Stofnlánasjóða og fjárveitingar til ýmissa framkvæmda.

Í þessum tveimur köflum kemur fram samdráttar- og niðurskurðarstefna ríkisstjórnarinnar í atvinnu- og framkvæmdarmálum.

Við Alþýðubandalagsmenn teljum, að ekki eigi að draga úr verklegum framkvæmdum né heldur fjárveitingum til félagslegra mála frá því, sem fjárlög gera ráð fyrir. Við teljum einnig, að það sé frumskylda ríkisstjórnarinnar að útvega stofnlánasjóðum atvinnuveganna nauðsynlegt starfsfé, þannig að hægt sé að halda áfram þeirri uppbyggingu, sem unnið hefur verið að.

Önnur ákvæði frumvarpsins eru að okkar dómi ekki mikilvæg. Lækkun beinna skatta, eins og frv. gerir ráð fyrir, er óveruleg. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að heimila hækkun útsvara um 700—800 milljónir króna með því að álagningarprósenta verði 11 í stað 10, sem verið hefur. Með frumvarpinu er lagt til að lækka þessar álögur aftur um 360 milljónir króna. Skattalækkunin (tekjuskattur) nemur samkv. frumvarpinu 180 milljónum kr. umfram það, sem ákveðið var við afgreiðslu fjárlaga, en þá var gert ráð fyrir lækkun tekjuskatts um 700 millj. kr. Sú heimild, sem lagt er til að veita til lækkunar tolla og söluskatts, er ekki mikilvæg. Talað er um lækkun, sem gæti numið 600 millj. kr., en þar er þó aðeins um heimild að ræða.

Það er skoðun okkar Alþýðubandalagsmanna, að rétt sé að stefna að afnámi söluskatts á brýnustu nauðsynjum, eins og t. d. á matvælum, og að slíka skattalækkun eigi að taka fram yfir lækkun beinna skatta.

Ákvæði í frumvarpinu um flugvallagjald og skyldusparnað breyta ekki miklu. Að dómi okkar í Alþýðubandalaginu væri rétt að leggja nokkurn skatt á ferðagjaldeyri, og sömuleiðis teldum við rétt að hækka skatta á háum tekjum, en vissulega getur skyldusparnaður einnig komið til greina.

Á sérstöku þingskjali flyt ég nokkrar breytingartillögur við frumvarpið, en aðrir þingmenn Alþýðubandalagsins munu einnig flytja breytingartillögur við það.

Breytingartillögur mínar miða að því að koma í veg fyrir niðurskurð verklegra framkvæmda og framlög til félagslegra mála. Þær miða einnig að aukinni fjáröflun til stuðnings við stofnlánasjóði atvinnuveganna.

Þá flyt ég breytingartillögur, sem gera ráð fyrir hækkun beinna skatta á háum tekjum og um að á þessu ári verði ekki heimilað að fyrna eignir samkvæmt sonefndri flýtifyrningareglu, og tillögur, sem koma eiga í veg fyrir lækkun skatta með auknum fyrningum samkvæmt nýjum verðhækkunarstuðli, sem ráð hefur verið gert samkv. reglugerð þar um. Á þennan hátt tel ég að hækka megi beina skatta á háum tekjum og á atvinnurekstri um verulegar fjárhæðir.

Þá legg ég til, að söluskattur verði felldur niður af kjöti og kjötvörum, korni og brauðvörum, samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðherra.

Verði þær tillögur til breytinga á frumvarpinu, sem hér hefur verið minnst á, ekki samþykktar, munum við Alþýðubandalagsmenn greiða atkvæði gegn frumvarpinu, þar sem við teljum, að það feli í sér stórhættulega samdráttar- og niðurskurðarstefnu.

Alþingi, 11. apríl 1975.

Lúðvík Jósepsson.“

Undirritaður tók þátt í þremur síðustu fundum nefndarinnar. Þar voru lagðar fram breytingartillögur frá fulltrúum stjórnarflokkanna, en þær reyndust vera veigalítlar. Samkvæmt þeim á hin óverulega lækkun á tekjuskatti og útsvari að aukast um 140 milljónir króna, en helmingur þeirrar upphæðar er raunar fenginn með „leiðréttingu á reikningsskekkju“, og reynast síðari útreikningar yonandi haldbetri hinum fyrri. Einnig er ákveðið að lækka tolla af ávöxtum um 83 milljónir króna og gefið fyrirheit um að söluskattur verði lækkaður eða afnuminn á einhvern ótilgreindan hátt um 537 milljónir króna á ári. Þannig á að standa við það fyrirheit að lækka skatta um allt að 2 000 milljónir króna sem ríkisstjórnin birti í sambandi við bráðabirgðasamkomulag verkalýðsfélaga og atvinnurekenda frá 26. mars s.l. Gengur sú framkvæmd raunar í berhöggi við óskir sem samninganefnd A.S.Í. hafði komið á framfæri við fjárhags- og viðskiptanefnd. Breytingartillögur þær, sem stjórnarflokkarnir leggja til, haggja í engu þeirri afstöðu Alþýðubandalagsins að greiða atkvæði gegn því frumvarpi sem hér er fjallað um.

Auk þeirra breytingartillagna við frv., sem Lúðvík Jósepsson og Svava Jakobsdóttir flytja, ber ég fram á sérstöku þingskjali tvær tillögur.

Sú fyrri er þess efnis að elli- og örorkulífeyrir hækki um 4 900 kr. á mánuði til einstaklings samkvæmt sömu reglun og frá var gengið í samningum verkafólks og atvinnurekenda frá 26. mars. Einnig legg ég til að annar lífeyrir hækki í sama hlutfalli. Þá geri ég tillögur um að þær tölur, sem notaðar eru til þess að reikna út svokallaða tekjutryggingu til aldraðs fólks og öryrkja, hækki í samræmi við framfærsluviðtölu frá 1. október 1974, svo að lágmarksbætur þeirra, sem afskiptastir eru í þjóðfélaginu, haldi kaupmætti sínum í óðaverðbólgunni.

Í annan stað legg ég til að framkvæmdir í orkumálum verði auknar um einn milljarð. Ég legg til að sú upphæð verði notuð til þess að flýta gerð stofnlínu milli Suðurlands og Norðurlands og undirbúa stofnlínur frá því orkuveitusvæði til Vest-

fjarða og Austfjarða. Þessar framkvæmdir eru forsenda þess að unnt sé að bæta úr orkuskorti og búa í haginn fyrir rafhitun húsa þar sem hitaveitur eru ekki tiltækar. Sé mönnum alvara að flýta þeim framkvæmdum þarf að tryggja til þeirra óhjákvæmilegt fjármagn.

Alþingi, 18. apríl 1975.

Magnús Kjartansson.